



Fundargerð

Stjórnarfundur Pyts

Haldinn 19. október 2020 með fjarfundarhugbúnaðinum zoom og hófst 21:00

Fundinn sátu: Árni Árkelsson (ÁÁ), Hulda Stefanía Hólm (HH), Óhannes Bergþór Þórarinsson (JP), Markús Pétursson (MP), Ólafur St. Arnarsson (ÓA), Sigurður Ragnar Guðmundsson (SG)

Dagskrá

1. COVID-19

HH og MP voru á fundi sem fulltrúar Siglingasambands Íslands með ÍSÍ og Menntamálaráðuneytinu vegna nýrrar sóttvarnarreglugerðar. Markmið fundarins var að finna út hvort við gætum haldið einhverju íþróttastarfi áfrám og þá hvernig.

Ákveðið var að hefja aftur starf fyrir aldurshópin 10 til 18 ára. Boðið er upp á tvær tveggja tíma æfingar á viku. Föstudagsæfingin er frá 17 til 19 og er á þessari æfingu leitast við að kenna tæknileg atriði sem tengjast siglingum. Í venjulegu árferði færu þessar æfingar fram í félagsaðstöðu klúbbsins. En að þessu sinni verður þátttakendum kennt að vinna með og tala í talstöð.

Þjálfari opnar húsið kl 16:30 og sér til þess að spritt sé við inngang. Þjálfarinn kveikir öll ljós og opnar þær hurðir sem ganga þarf um og þrífur líklega smitfleti.

Við mætingu er þátttakendum vísað í sal á efri hæð sem er 96 fermetrar. Nöfn þátttakenda eru skráð og ítrekað við þá að gæta að persónulegum sóttvörnum. Þátttakendur á æfingunni eru 10 til 12 einstaklingar á aldrinum 10 ára til 16 ára. Tveir þjálfara eru með hópinn.

Vegna aðstæðna færast æfingin út þegar að útskýrt hefur verið hvernig æfingin mun fara fram. En það er eftirfarandi.

Hver einstaklingur fær handtalstöð sem hefur verið sótthreinsuð. Hópnum er skipt niður eftir skólum ef hægt er og vinna tveir saman. Hvert tveggja manna lið fær uppgefið götuheiti með "Nato Phonetic Alphabet" og eiga þau að finna götuna í bænum og fá þar uppgefna spurningu tengda siglingum sem þau eiga að hjálpast að við að svara. Síðan fá þau næsta götuheiti uppgefið. Með þessu móti fer hvert tveggja manna lið hvort í sína áttina en geta haft samskipti við þjálfara og aðra á æfingunni í gegnum talstöð samkvæmt reglum sem gilda um fjarskipti á sjó.

Í lok æfingarinnar munu allir hjálpast að við að þrifa líklega smitfleti í aðstöðu félagsins eins og slökkvara, hurðarhúna, handriðið og salernisaðstöðu. Með þessu vill félagið gera þátttakendur meðvitaða um aðstöðuna og smitvarnir.

Seinni æfing vikunnar fer fram á laugardag frá 13 til 15. Á þessari æfingu fara þátttakendur út á sjó á eins manns seglbát. Um er að ræða Optimist og Laser kænur.

Þjálfari undirbýr aðstöðuna eins og lýst er hér að ofan. Þátttakendur sótthreinsi hendur í anddyri félagsaðstöðunnar við komu. Þátttakendur klæðast þurrögllum og er salurinn á annari hæð 96 fermetrar nýttur til þess. Nöfn þátttakenda eru skráð og þeir minntir á mikilvægi sóttvarna á meðan á æfingunni stendur. Mögulega er einn þátttakandi sem notar



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

blautgalla og nýtir hann búningaðstöðu og sturtu eftir æfingu. Aðrir þátttakendur fara í sturtu heima hjá sér.

Við uppsetningu bátanna rétta þjálfarar þátttakendum búnað út í port og með því er hægt að tryggja tveggja metra bil milli manna. Sama á við um frágang og þrif á búnaði. Þjálfarar taka búnaðinn af bátunum og ganga frá honum.

Eftir sjósetningu er nóg pláss fyrir alla og er æfingin sett þannig upp að ekki er hættu á árekstrum eða öðru samneyti milli þátttakenda.

Eins og eftir föstudagsæfinguna hjálpast þátttakendur við að þrifa aðstöðuna áður en hún er yfirgefin.

Samróður fullorðinna á kayak fer fram á sunnudögum frá 11 til 13. Um er að ræða eins manns kayak. Þátttakendur skrá sig fyrirfram í samróðurinn til að tryggja að aðeins séu 20 einstaklingar í húsinu. Sá sem stjórnar samróðrinum og opnar húsið sér um að þrifa alla líklega snertifleti, opnar allar hurðir og kveikir ljós. Við mætingu er ætlast til þess að þátttakendur nýti spritt í anddyri félagsaðstöðunnar. Mælt er með að þátttakendur mæti í þurrköllum en annars nýti þeir sal á efri hæð til að gera sig klára.

Mögulega eru einhverjir sem klæðast blautköllum. Þá er passað að aðeins tveir séu inni í búningaðstöðu karla og ein í búningaðstöðu kvenna sem er minni. Eins og er hafa tveir af sitthvoru kyninu boðað komu sína sem nota blautgalla.

Eftir róður sér hver um að þrifa sinn búnað en meirihluti þátttakenda á bát og búnað sjálfur.

Í lokin hjálpast allir að við að þrifa aðstöðuna áður en hún er yfirgefin. Í því felst að sóthreinsa alla líklega snertifleti, þrifa salernisaðstöðu, búningasklefa og sturtuaðstöðu.

Næsti stjórnarfundur boðaður 28. október klukkan 20:00

Fundi slitið klukkan 21:10